



Reykjavík, sögulegar stytur

LEIÐ IS 5

Kynning á leiðinni

Göngunni milli styttna í miðborg Reykjavíkur má lýsa sem göngu um evrópska og íslenska menningar- og listasögu. Stytturnar eru mikilvæg kennileiti Reykjavíkur og endurspeglar sögu þjóðarinnar. Gangan hefst og henni lýkur á Arnarhóli, við styttnu Ingólfs Arnarsonar. Hún fylgir síðan eftir tímalínu sögunnar og leiðir okkur milli styttna af okkar áhrifamestu persónum í sögulegu og listrænu samhengi. Listaverkin og höfundar þeirra eru stuttlega kynntir. Flestir þessara listamanna voru menntaðir í listaskólum á meginlandi Evrópu eins og má sjá af verkum þeirra og það er ekki síður áhugavert að sjá áhrif þess á íslenska menningu. Gangan er auðveld og nóg af bekkjum á leiðinni til að fá sér sæti á og hvílast. Listasafn Reykjavíkur gerði árið 2019 að ári útilistaverka. Smáforriti safnsins “Útilistaverk í Reykjavík” má hlaða niður ókeypis á snjallsíma.




Þetta verkefni er unnið með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun ESB

VÖRÐUR

Ingólfur Arnarson, Einar Jónsson.....	3
Varðmennirnir, Steinunn Þórarinsdóttir	3
Kristján IX Danakonungur, Einar Jónsson	3
Hannes Hafstein, Einar Jónsson.....	4
Jón Vídalín, Ríkarður Jónsson	4
Jón Sigurðsson forseti, Einar Jónsson.....	5
Ingibjörg H. Bjarnason, Ragnhildur Stefánsdóttir	5
Skúli fógeti Magnússon, Guðmundur Einarsson	6
Te og kaffi	6
Óþekkti embættismaðurinn, Magnús Tómasson.....	6
Víkingurinn, Sigurjón Ólafsson.....	7
Styttan Adonis, Bertel Thorvaldsen	7
Jónas Hallgrímsson, Einar Jónsson.....	7
Hafmeyjan, Nína Sæmundsson	7
Sonur, Ólöf Pálsdóttir	8
Skúlpúr, Gerður Helgadóttir	8
Landnámskonan, Gunnfríður Jónsdóttir.....	9
Maður og kona, Tove Olafsson	9
Piltur og stúlka, Þorbjörg Pálsdóttir	9
Úr álögum, Einar Jónsson.....	10
Skálda bekkur, Halla Gunnarsdóttir	10

Varða 1

Ingólfur Arnarson, Einar Jónsson



Landnámsmaðurinn Ingólfur Arnarson er talinn sá fyrsti sem ásamt fjölskyldu sinni settist að á Íslandi árið 874 +/- í Reykjavík, nánar til tekið við Aðalstræti. Talið er að fyrstu landnámsmennirnir hafi flestir komið frá Vestur-Noregi. Styttan sýnir mann í herklæðum sem stendur við öndvegisbrík, prýdda drekahöfði, og heldur um reistan atgeir.

- https://is.wikipedia.org/wiki/Ingólfur_Arnarson

Einar Jónsson (1874-1954), myndhöggvari, var einn þeirra listamanna sem í byrjun nýrrar aldar lögðu grunn að nútímamyndlist hér á landi og sá fyrsti sem gerði höggmyndalist að aðalstarfi. Stundaði nám í Kaupmannahöfn (1896-1899), síðar í Róm og Berlín, en var einnig við störf í Bandaríkjunum. Hann var undir áhrifum úr þjóðsagnaferri Íslendinga og norrænni goðafræði, sem og trúarlegum mótífum. Einar á fleiri verk á leið okkar milli styttna í miðbænum.

- <http://www.lej.is/einarjonsson/ferill/>

Varða 2

Varðmennirnir, Steinunn Þórarinsdóttir



Tákn eða Varðmenn, eru ellefu styttnir á þaki Arnarhvals. Þar sem fjármálaráðuneytið er til húsa. Listaverkið er sett upp í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, af því tilefni að safnið varpaði ljósi á list í almannarými árið 2019. Sýningin var fyrst sett upp á sögusafni Þýska hersins í Dresden á sýningu sem nefndist Targeted interventions eða Hnitmiðuð inngrip. <https://www.ruv.is/frett/varmenn-steinunnar-a-thaki-arnarhvals> Steinunn Þórarinsdóttir (1955-) myndhöggvari, stundaði nám á Englandi (1974-1979) og Ítalíu (1979-1980). Hefur hún unnið að fígúratífum skúlptúr frá byrjun ferils síns. Fígúrir hennar eru kynlaus tákn mennskunnar. Þau hafa frá upphafi tengst íslenskri náttúru sterkum böndum. Samtal mannsins við náttúruna, umhverfi sitt og samfélagið er leiðarstef í list hennar. Steinunn hefur gert fjöldann allan af verkum sem eru áberandi í borgarlandinu. Hún hefur sýnt víða um heim svo sem í Bandaríkjunum, Kanada, Bretlandi, Japan og Kína.

- <https://listasafnreykjavikur.is/syningar/steinunn-thorarinisdottir-takn>

Varða 3

Kristján IX Danakonungur, Einar Jónsson



Minnisvarði um Kristján IX Danakonung var afhjúpaður við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík 1915. Styttan sýnir konung með stjórnarskrána í framréttri hendi, sem á að tákna afhendingu hennar til Íslensku þjóðarinnar 1874. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1880#> <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/724902/>

Einar Jónsson (1874-1954), myndhöggvari



<http://www.lej.is/einarjonsson/ferill/>

Varða 4

Hannes Hafstein, Einar Jónsson



Hannes Pórður Hafstein (1861-1922) var íslenskt skáld, sýslumaður og fyrsti ráðherra Íslands (1904-1909). Hann stendur hnarreistur á háum stelli vinstra megin fyrir framan Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu og horfir út yfir Reykjavíkurhöfn.

- https://is.wikipedia.org/wiki/Hannes_Hafstein

Einar Jónsson (1874-1954), myndhöggvari

- <http://www.lej.is/einarjonsson/ferill/>

Varða 5

Jón Vídalín, Ríkarður Jónsson



Jón Vídalín (1666 - 1720). Minnisvarðinn af lærdómsmanninum, prédikaranum og helsta latínuskáldi sinnar tíðar var reistur við Dómkirkjuna 1920. Hann var besta latínuskáld sinnar tíðar og afburða kennimaður, samdi predikanir og áhrifaríka húslestrapostillu, Vídalínspostillu, sem prentuð var og lesið úr nær daglega á flestum heimilum landsins langt fram á 19. öld. Hann var biskup í Skálholti 1698–1720.

- https://gamalt.skalholt.is/frodleikur/biskupar/jon_vidalin/
- https://is.wikipedia.org/wiki/Jón_V%C3%ADdal%C3%ADn

Ríkarður Jónsson (1888-1977) var íslenskur myndhöggvari og tréskurðarlistamaður. Hann stundaði nám í tréskurði í Reykjavík (1905 - 1908), við höggmyndadeild Listaháskólans í Kaupmannahöfn (1911 - 1914) og fór í námsferðir til Ítalíu. Lagði hann áherslu á sem eðlilegast útlit fyrirmynda sinna, hvort sem um var að ræða mannamyndir eða önnur tréskurðarmótíf. Hann hélt tryggð við náúralisma, sem hann kynntist á námsárum sínum en hafnaði þeim framúrstefnulegu stílbrögðum sem voru í algleymi á hans tíð.

- <https://djupivogur.is/Mannlif/Menning/merkir-djupavogsbuar/Rikardur-Jonsson/>
- https://is.wikipedia.org/wiki/R%C3%ADkarður_Jónsson

Varða 6

Jón Sigurðsson forseti, Einar Jónsson



Jón Sigurðsson “forseti” (1811-1879) var leiðtogi sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld. Styttuna og lágmyndina „Brautryðjandinn“ gerði Einar Jónsson myndhöggvari í tilefni af 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 17. júní 1911. Íslendingar bæði heima og vestanhafs gáfu styttuna. Hún var reist við Stjórnarráðshúsið 1911 en flutt á Austurvöll 1931.

- [https://is.wikipedia.org/wiki/Jón_Sigurðsson_\(forseti\)](https://is.wikipedia.org/wiki/Jón_Sigurðsson_(forseti))

Einar Jónsson (1874-1954), myndhöggvari

- <http://www.lej.is/einarjonsson/ferill/>

Varða 7

Ingibjörg H. Bjarnason, Ragnildur Stefánsdóttir



Ingibjörg H. Bjarnason (1868-1941) var fyrsta konan sem tók sæti á Alþingi 1922 þar sem Hún sat á Alþingi til ársins 1930. Hún skipaði mikilvægt hlutverk í kvenréttindabaráttunni í byrjun 20. aldar. Minnisvarðinn var vígður hinn 19. júní árið 2015, þegar hundrað ár voru liðin frá því að konur fengu kosningarétt. Styttan var fyrsta heila höggmyndin sem gerð var af nafngreindri konu í Reykjavík.

- <https://notendur.hi.is/tj/vefsidurnemenda/Konur/ingibjorgh.htm>
- https://is.wikipedia.org/wiki/Ingibjörg_H._Bjarnason
- <https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/hoggmynd-af-ingibjorgu-h.-bjarnason/>

Ragnildur Stefánsdóttir (1958-), íslenskur myndhöggvari. Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskólan (1977-1981), og hélt síðan til lista- og hönnunarskóla í Minnesota í Bandaríkjunum (1987) lauk hún framhaldsnámi við Fagurlistaskóla Carnegie-Mellon háskólans í Pittsburg, en á námstíma sínum hafði hún tekið nokkurn þátt í sýningarhaldi þar um slóðir sem og á Íslandi að námi loknu. Meðal þekktustu verka Ragnildar er þessi höggmynd af Ingibjörgu H. Bjarnason.

- https://is.wikipedia.org/wiki/Ragnildur_Stefánsdóttir
- <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/111618/>
- <https://www.frettabladid.is/timamot/er-svo-heppin-a-vera-aettu-alls-staar-a/>

Varða 8



Skúli fógæti Magnússon, Guðmundur Einarsson

Skúli Magnússon, fógæti (1711-1704) Hann hefur verið nefndur faðir Reykjavíkur. Skúli var einn helsti boðberi upplýsingarinnar á Íslandi. Hann var kallaður Skúli fógæti, þar sem hann gegndi embætti landfógæta, embættismaður Danakonungs. Varð hann síðar einn helsti drifkrafturinn á bak við stofnun Inréttinganna, með það fyrir augum að koma á laggirnar verksmiðjuframleiðslu á Íslandi.

- https://is.wikipedia.org/wiki/Skúli_Magnússon
- <https://listasafnreykjavikur.is/frettir/listaverk-vikunnar-skuli-magnusson>

Guðmundur Einarsson (1895-1963) tileinkaði sér mörg listform, en var frumkvöðull í höggmyndalist og leirmunagerð. Hann stundaði nám í myndlist á Íslandi (1911-13 og 1916), í Kaupmannahöfn (1919-1920) og í München (1920-1925). Guðmundur var umdeildur meðan hans naut við og var á sinni tíð einn af mest áberandi myndlistarmönnum landsins. Eftir hann liggur fjöldi verka.

- https://is.wikipedia.org/wiki/Guðmundur_frá_Miðdal

Varða 9



Te og kaffi

Te og kaffi, kaffihús þar sem gott er að setjast niður og fá sér kaffi og köku.

Varða 10



Óþekkti embættismaðurinn, Magnús Tómasson

Óþekkti embættismaðurinn, sá ósýnilegi sem vinnur verkin á bakvið tjöldin eða sá sem kemst ekki út fyrir boxið !!! Honum var upphaflega komið fyrir í garðinum á bakvið Hótel Borg en hefur verðugri sess núna þar sem hann stendur fyrir framan lðnó og steðjar inn í ráðhúsið.

- <https://www.visir.is/g/2012120919527>

Magnús Tómasson (1943-) er íslenskur myndlistarmaður. Að loknu menntaskólanámi hélt hann til Kaupmannahafnar í nám við Konunglegu listaakademíuna. Þar lærði hann í malaradeild, grafíkdeild og deild sem kallast „Mur og Rumkunst“. Að námi loknu þar, hélt Magnús aftur heim til Íslands þar sem hann varð einn af forsprökkum SÚM hópsins sem stofnaður var á 7. áratugnum.

- https://is.wikipedia.org/wiki/Magnús_Tómasson
- <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/625138/>

Varða 11

Víkingurinn, Sigurjón Ólafsson



Víkingurinn, tákn fyrir fyrstu landnámsmenn sem settust að á Íslandi í lok 9. aldar og komu frá Vestur Noregi.

- <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6617>

Sigurjón Ólafsson (1908-1982) hlaut fyrst tilsögn í myndlist og höggmyndalist á Íslandi og samhliða því tók hann sveinspróf í húsamálun. 1927 hélt hann til náms í Kaupmannahöfn í Konunglegu Akademiunni. Haustið 1930 hlaut hann gullverðlaun Akademiunnar fyrir styttuna, Verkamaðurinn. Hann nam í Rómaborg 1931–32 og lauk prófi frá Akademiunni árið 1935. Má finna verk eftir hann víða á Íslandi.

- http://www.iso.is/um_SO_i.htm

Varða 12

Styttan Adonis, Bertel Thorvaldsen



Adonis er guð fegurðarinnar og þrúarinnar í grískri goðafræði. Bertel Thorvaldsen (1770-1844) var dansk / íslenskur myndhöggvari. Ellefu ára gamall hóf han nám við Listaháskólann í Kaupmannahöfn. Málarinn Nicolai Abildgaard var hans helsti leiðbeinandi. Hann dvaldi mestan hluta ævinnar á Ítalíu. Höggmyndir hans er að finna víða í Evrópu og í Bandaríkjunum. Heimildir: Thorvaldsenmuseum.dk

- <http://www.grethexis.com/bertel-thorvaldsen-the-dane-master-sculptor-of-greek-art/>
- https://en.wikipedia.org/wiki/Bertel_Thorvaldsen

Varða 13

Jónas Hallgrímsson, Einar Jónsson



Jónas Hallgrímsson (1807-1845) var eitt af ástsælustu skáldum Íslendinga og er afmælisdagur hans 16. nóvember opinberlega viðurkenndur sem dagur íslenskrar tungu en Jónas barðist mjög fyrir varðveislu íslenskunnar. Heimildir: Listasafn Einars Jónssonar

- <http://www.lej.is/einarjonsson/ferill/>
- <https://jonashallgrimsson.is/index.php?page=aviferill-jonasar>
- https://en.wikipedia.org/wiki/Jónas_Hallgrímsson

Varða 14

Hafmeyjan, Nína Sæmundsson



Hafmeyjan sem hér er sýnd er eftirmynd af upprunalegu styttni frá 1948 en styttnan var sprengd í loft upp árið 1960 á nýársdag. Goðsögn er til um hafmeyjuna á Íslandi sem situr undir kletti í sjónum og syngur og laðar þannig að sér sjómenn, þeir hverfa í fang hafmeyjunnar og eiga ekki

afturkvæmt til baka. Nína Sæmundsson (1892 – 1965) stundaði undirbúningsnám við Teknisk Selskabs Skole 1915 til 1916 í höggmyndadeild Konunglegu Listaakademíunnar í Danmörku. Nína lauk námi 1920. Hennar frægasta verk er líklega stytta yfir inngangi Waldorf Astoria hótelsins í New York. Heimildir:

- <https://sarpur.is/Syning.aspx?ID=460&search=&filter=1&museumID=-1&typeID=-1&page=1&skralD=-1&pageSize=16>
- <https://www.icelandreview.com/news/jon-gnarr-receives-mermaid/>
- <http://mermaidsofearth.com/mermaid-statues-mermaid-sculptures/public/hafmeyjan-the-icelandic-mermaid/>
- https://is.wikipedia.org/wiki/N%C3%ADna_Sæmundsson

Varða 15

Sonur, Ólöf Pálsdóttir



Ólöf Pálsdóttir (fædd 1920) nam myndlist í Árósum og Kaupmannahöfn, Róm, Egyptalandi og víðar. Áhugi Ólafar á höggmyndalist vaknaði í gegnum bókmenntir. Hún var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu árið 1970 og kjörin heiðursfélagi Konunglega breska myndhöggvarafélagsins 1987. Fyrir myndastyttuna „Sonur“ fékk Ólöf Pálsdóttir verðlaun árið 1955, gullmedalíu Hins konunglega listaháskóla í Kaupmannahöfn. Ingiríður Danadrottning afhenti verðlaunin. Þessi stytta er tileinkuð móður listakonunnar og hugsuð sem tákn íslenskrar æsku. Heimildir:

- https://is.wikipedia.org/wiki/Ólöf_Pálsdóttir
- <http://www.krom.is/olof-palsdottir-myndhogggvari/>
- <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/363348/>

Varða 16

Skúlpúr, Gerður Helgadóttir



Skúlpúr. Gerður Helgadóttir (1928 – 1975) nam við Myndlista- og handíðaskólann árin 1945 og 1946. Sigurjón Ólafsson myndhöggvari var leiðbeinandi hennar sumarið 1947. Hún stundaði nám í Accademia di Belle arte í Flórens, Académie de la Grande Chaumiére 1949 – 1950. Hún var sæmd Riddarakrossinum árið 1974. Listasafn Kópavogs heitir Gerðarsafn henni til heiðurs. Heimildir:

- https://is.wikipedia.org/wiki/Gerður_Helgadóttir
- <https://is.wikipedia.org/wiki/Gerðarsafn>
- <https://gerdarsafn.kopavogur.is/en/the-collection/gerdur-helgadottir>

Varða 17

Landnámskonan, Gunnfríður Jónsdóttir



Landnámskonan, Gunnfríður Jónsdóttir, (1889-1968) Þetta er hennar síðasta verk og lýsir kvenskörungum fyrri alda og fram á þennan dag. Hún var gift Ásmundi Sveinssyni, myndhöggvara. Hún dvaldi lengi í Stokkhólmi og var síðan í Kaupmannahöfn, Berlin og París.

- https://is.wikipedia.org/wiki/Gunnfr%C3%ADður_Jónsdóttir

Varða 18

Maður og kona, Tove Olafsson



Maður og kona, Tove Olafsson (1909-1992), fædd í Danmörku, Hún giftist Sigurjóni Ólafssyni, myndhöggvara og flutist til Íslands. Verk hennar eru mikils metin í Danmörku sem og hér á landi.

- <https://safneign.listasafnreykjavikur.is/is/hofundur/38>
- <https://skulpturguide.hjoerring.dk/kunstnere/o/olafsson-tove>

Varða 19

Piltur og stúlka, Þorbjörg Pálsdóttir



Piltur og stúlka. Þorbjörg Pálsdóttir (1919-2009). Kata og Stebbi er undirtitill verksins eftir unglingum í fjölskyldu listakonunnar. Hún lærði ljósmyndun í Reykjavík og stundaði síðan nám í Stokkhólmi. Hún var einn af stofnendum félags höggmyndalistamanna, 1972. Heimildir:

- <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1310900/>
- https://en.wikipedia.org/wiki/Þorbjörg_Pálsdóttir

Varða 20



Úr álögum, Einar Jónsson

Úr álögum, Einar Jónsson (1874-1954). Meginþema þessa verks er andleg þróun og guðdómlegt eðli mannsins. Einar Jónsson lærði í þrjú ár í Kaupmannahöfn og dvaldist eitt ár í Róm. Flest verka hans eru í Hnitbjörgum, Listasafni Einars Jónssonar við Hallgrímskirkju. <http://www.lej.is/einarjonsson/ferill/>

Varða 21



Skálda bekkur, Halla Gunnarsdóttir

Verkið er til heiðurs Reykjavíkurskáldinu Tómasi Guðmundsyni.

- <https://bokmenntaborgin.is/tjornin-tomas-gudmundsson>
- <https://bokmenntaborgin.is/en/reykjavik-city-lake-tomas-gudmundsson>
- <https://sim.is/halla-gunnarsdottir-look-us/>
- <https://is.linkedin.com/in/halla-gunnarsdottir-715218b8>

Halla Gunnarsdóttir (1974 -) stundaði nám við Florence Academy of Art 1994 og lauk MFA prófi við NY Academy of Art 2003 og er með gráðu frá Sorbonne, París Hún vann samkeppni á vegum Reykjavíkurborgar fyrir þetta verk sitt skálda bekkur